

- Frjáls verzlun. 1939, 1.árg. ágúst.
bls. 4 - 5 og bls. 31.

Frjáls verzlun. 1939, 1.árg. ágúst.
bls. 4 - 5 og bls. 31.



Jón Pálsson

Í Eyrarbakkaverzlun fyrir 60-70 árum

Kafli úr óprentaðri bók um
Eyrarbakka og Eyrbekkinga

ÞAU 16 ár, sem eg var við Eyrarbakkaverzlun, frá 1886—1902, höfðu nálægt 3750 manns föst viðskipti við hana árl. Voru þeir nákvæmlega skrásettir og hlaut hver sitt „númer“. Þannig átti eg t. d. nr. 1925. Gætu þeir ekki sagt til um „númer“ sitt eða þeirra, sem þeir áttu að verzla gátu þeir ekki fengið afgreiðslu, nema því aðeins að þeir hefðu í höndum heimildarskjal frá reikningshafa. Voru skírteini þessi kölluð „Bevis“. Þar var venjulega tekið fram, hvaða vörur eða hve mikla peninga mætti afhenda handhafa skjalsins. Þegar afgreiðslu var lokið, var nafn þess, er út tók, ritað á skjalið, dagsetning, o. s. frv., og það síðan dregið á band og geymt vandlega, og getið var þess í viðskiptabók hlutaðeiganda, ef afgreitt var gegn „Bevis“. Væri ösin mikil og sendimaður mundi ekki númer sitt eða þess, sem hann átti að verzla fyrir, varð hann oft að bíða þess all-lengi að fá afgreiðslu, vegna þess að þá var enginn tími til þess að leita að „númerinu“ í númerabókinni. Það var því nauðsynlegt, að muna þau sem bezt. Orsökinn til þess, að svo ríkt var gengið eftir númerunum, var sú, að áður fyrr hafði verið tekið í óleyfi úr reikningum manna.

Viðskiptabækurnar voru á stærð við algengar sparisjóðsbækur, og var nafn og töluröð eigandans skrifað á hana. Inn í þessar bækur voru skráðar allar vörur, sem viðskiptamaðurinn tók út eða lagði inn á árinu. Við árslok voru allar þessar viðskiptabækur gerðar upp og búið til eftirrit af hverri þeirra. Voru þessir reikningar sjaldnast tilbúnir fyrr en í lok aprílmánaðar næsta ár, og voru þá sendir út um sveitirnar með pósti eða öðrum ferðum. Bændur voru mjög eftirvæntingarfullir um að sjá hvernig „reikningurinn liti út“, og höfðu þeir oft beinklínis áhyggjur af þessu. Bækurnar voru bundnar með togleðri í knippi, og á daginn geymdar í marghólfuðum skáp, en á nóttum og um helgar í eld-

traustum járnskáp. Með þessu fyrirkomulagi, sem lýst hefir verið, var bókfærslan auðveld og einföld. Mál og vigt varningsins var fært inn í ullar- og fiskbækur eftir því, sem við átti, og bækurnar síðan sendar inn í búð, en þar var fært úr þeim í viðskiptamannabækurnar (litlu), eftir þeirri röð, sem nöfnin stóðu í ullar og fiskbókunum, og viðskiptamaðurinn síðan afgreiddur. Var þá kallað upp nafn hans eða hann leitaður uppi, og hófst þá afgreiðslan tafarlaust. Væri hann þá ekki viðlátinn eða kæmi nokkru síðar, gat hann ekki komizt að fyrri en bókfærslumaður hafði afgreitt þann, sem fyrir var, nema svo stæði á, að annar bókfærslumaður gæti gjört það. Í þessu efni sem öðru var viðhöfð hin stakasta reglusemi. — Á lestunum byrjaði afgreiðslan kl. 6 að morgni og var henni haldið áfram óslitið til kl. 9 að kvöldi. Verzlunarþjónarnir skiptust þá á um að fara heim til máltíða, eftir því sem fyrirfram var ákveðið, kl. 9 og kl. 10, til morgunverðar, en kl. 3 og kl. 4 til miðdegisverðar. Var þá blásið í lúður, hátt og snjallt, til þess að allir, bæði utan búðar og innan, gætu vitað hvað tímanum leið. Til máltíðar var ætluð ein klukkustund.

Við hlið hvers bókhaldara stóð jafnan unglingsmaður eða byrjandi verzlunarmaður. Var hann kallaður „Afþændingsmand“, og laut hann boði og banni bókarans í einu og öllu. Hlutverk hans var það m. a., að sýna viðskiptamönnunum vörurnar, velja þær með honum, vega þær, telja og mæla, eftir því sem um var beðið og bókarinn sagði fyrir um. Jafnframt þessu skráði hann það í viðskiptabók mannsins, þegar afgreiðslumaðurinn kom aftur og sagði til um, hvað hann hefði látið úti. — Allt, sem skráð var, var skrifað á dönsku,

FRJÁLS VERZLUN

hinna pólitísku samvinnumanna undanfarin ár gegn frjálsri verzlun og kaupmannastéttinni yfirleitt.

Fyrir tuttugu árum var hafizt handa í blaði Framsóknarmönnum með rógi og svívirðingum um alla hina stærri útgerðarmenn. Þeir voru hundeltir árum saman, og á þá voru bornar hinar verstu vammir og skammir, sem fram-sóknarleiðtogarnir gátu látið sér til hugar koma. Þeirra áhugamál var það, að enginn stæði upp úr flatneskju miðlungsmanna, og að dugnaðar-mennirnir fengi ekki leyfi til að hazla sér völl og rýma til fyrir öðrum. Það gat orðið hættu-legt fyrir þjóðfélag, sem í framtíðinni átti að byggjast á samvinnukaupskap og ríkisrekstri. Hinn látlausí rógur var farinn að hafa þau áhrif, að það gekk skammaryrði næst, að kall-ast útgerðarmaður. — Nú er útgerðin komin á heljarþröm, orðin fátæk og úrræðalítill. Nú er aftur orðið heiðarlegt, að vera útgerðarmaður, því að nú standa fáir upp úr. Rógurinn og ill-girnin hafa unnið sitt hlutverk.

Nú er röðin komin að kaupmannastéttinni. Þar eru ennþá nokkuð margir menn ofansjávar. Í mörg ár hefir blað Framsóknarflokksins reynt að koma því inn hjá þjóðinni, að kaup-menn séu hinir verstu fjandmenn hennar. Þeir eru kallaðir okrarar, samvizkulausir fjárplógs-menn, blóðsugur þjóðfélagsins, svikulir brask-arar og fleiri slíkum nöfnum. Þeim er líkt við dönsku einokunarkaupmennina, þeir eru sagðir lifa á svitadropum alþýðunnar og eigingirni þeirra er takmarkalaus.

Á þennan veg hefir hinn pólitíski aðili sam-vinnufélaganna í landinu rekið róg sinn og svi-virðingar um verzlunarstéttina. Takmarkið var, að útrýma allri kaupmannaverzlun í landinu, og til þess átti að nota sömu aðferð og beitt var við útgerðarmennina. Samvinnufélögin áttu að ná yfirráðum í allri verzlun landsmanna og þar með auka stórkostlega hið pólitíska vald Fram-sóknarflokksins, sem nú byggir tilveru sína að mestu á áhrifavaldi kaupfélaganna.

En þessi margra ára herferð, með róginn og illgirnina að vopni, hefir mistekizt. Þjóðin hef-ir ekki fengizt til að trúa þeim svívirðingum, sem á verzlunarstéttina hafa verið bornar, því að starf hennar og þroski hefir sannað hið gagnstæða. Íslenzka verzlunarstéttin stendur fyllilega á sporði verzlunarstéttum annara þjóða um þekkingu, dugnað, árvekni og heiðarleik í viðskiptum. Stéttin þarf engan kinnroða að bera fyrir starf sitt. Hún er þjóðinni til sóma, og það er hverjum manni sæmd að því, að teljast til íslenzkrar verzlunarstéttar. Ef það væri allt

FRJÁLS VERZLUN

satt, sem Framsóknarmenn hafa borið á kaup-mannastéttina undanfarin 10 ár, þá mundu kaupfélögin af eðlilegum orsökum hafa lagt undir sig alla verzlun í landinu. Menn verzla yfirleitt þar, sem þeim er hagkvæmast og við-skiptin leita þangað, sem kjörin eru bezt.

En þetta hefir orðið á annan veg. Áður en höftin komu til sögunnar, höfðu kaupfélögin í meira en hálfa öld ekki náð undir sig meira en 10% af innflutningsverzlun landsins.

Þegar rógsherferðin brást, var horfið að öðru ráði, sem barst upp í hendur Framsóknar-manna með innflutningshöftunum. Það var að kúga verzlunarstéttina með aðstoð haftanna. Samvinnufélögum er gefinn forgangsréttur um allan innflutning. Þessi síðari aðferð hefir eft kaupfélögin fjárhagslega í stórum stíl, en tak-markið, að ráða niðurlögum verzlunarstéttar-innar, hefir ekki náðst. Það takmark er enn allfjarri, og er ekki ólíklegt, að Framsóknar-flokkurinn hafi reist sér hurðarás um öxl, þeg-ar hann hóf þá ráðagerð.

Verzlunarstéttin mun berjast til þrautar gegn róginum og ranglætinu. Hún heimtar, að sami réttur gangi í þessu landi yfir alla, sem við við-skipti fást.

Hún er reiðubúin að leggja fram krafta sína og taka á sig þær kvaðir, sem nauðsynlegar eru, til þess að komast fram úr erfiðleikumum — ef hið sama er látið yfir alla ganga. Þeir, sem halda óréttinum við, leita að ófriði. Þangað til viðurkennt er, að sami réttur eigi að ganga yfir alla, verður hér enginn friður, og ekkert sam-starf til lengdar.

Verzlun Dana í næstu styrjöld

P. Munch, utanríkisráðherra Dana, hefir ritað grá í tímaritið Europäische Revue, þar sem hann segir m. a. „Komi til stríðs milli stórveldanna, mun Danmörk og önnur ríki, sem líkt stendur á fyrir, kappkosta af öllum mætti, að halda sér utan við styrjöldina. Danmörk treystir því, að hlutleysi hennar verði virt í einu og öllu. Hvað viðvíkur verzlun vorri við ríki, sem kynnu að verða andstæðingar í styrjöld, þá er það ætluð vor, að fylgja sömu reglum og í heimsstyrjöldinni. Við munum reyna að halda uppi viðskiptum við tvær stærstu kaupþjóðir vorar, Þýskaland og England, á þeim grundvelli, að útflutningur okkar skiptist til þeirra á svipaðan hátt og á friðartímum. Vér væntum þess, að báðir aðiljar skilji þessa afstöðu Danmerkur, og að það er öllum hlutaðeigendum fyrir beztu, að þannig sé málum skipað“.

og ennfremur fóru viðtöl öll fram á því máli á milli verzlunarstjóra og bókara annarsvegar, og viðtöl þeirra við undirmenn sína hinsvegar. Aftur á móti töluðu innlendir menn móðurmál sitt við viðskiptamennina og jafnvel við yfirmenn sína alla, nema verzlunarstjóran, Thorgrimsen eða Nielsen. Kom þá stundum fyrir, að Danirnir töluðu ekki íslenskuna sem bezt. Eru sagðar margar sögur af því, er landar og Danir ræddust við og skildu illa eða alls ekki hvor annan. Ein þeirra, sem einnig er gott dæmi um það, hvernig afgreiðslunni var hagað, er þannig: Danski maðurinn segir við afgreiðslumann sinn: „Pot og Pægl Brændvin!“ Afgreiðslumaðurinn endurtekur þetta, fer samstundis og mælir viðskiptamanninum hið umbeðna. En er hann kemur til bókarans aftur, er honum íslenzkan tungutamari og segir: „Fimm pela brennivín“. Daninn verður æfur við og segir með miklum rembingi: „Hvá be'har?“ Jeg har sagt Du skulde maale ham Pot og Pægl, men nu har du maalt ham fem Pægl! Altsaa *giver* du ham *een Pægl!*“

Á vorin, um vorlestirnar, og oft endranær, var ösin svo mikil, að til vandræða horfði með afgreiðsluna, sökum troðnings og þrengsla, og var þó búðin stór. Á slíkum dögum bar það við daglega, þó búið væri að afgreiða menn allan daginn sleitulaust og af mesta kappi, þá voru jafnmargir eða fleiri eftir að kvöldi til næsta dags, eins og þeir voru að morgni, þegar byrjað var. Voru það oft hátt á annað hundrað fastra viðskiptamanna. Stóð slík ös einatt dögum saman. Urðu menn þá að bíða í 2—3 daga, til þess að komast að. Austanmennirnir og þeir aðrir, sem lengst voru að komnir, létu það ekki á sig fá, heldur biðu rólegir, unz röðin kom að þeim. Þeir þurftu að bíða hvort sem var, til þess að hvíla sig og hesta sína sem bezt. Bakka-menn og nærsveitarmenn voru vitanlega daglegir gestir og flestir þeirra jafnframt fastir viðskiptamenn. Voru margir þeirra „leiðir langþurfamenn“, sem sjaldnast máttu biðja um mikið út á reikning sinn, því að naumast var um mikla inneign að ræða hjá þeim. Skuldir þessar borguðust þó venjulega upp einu sinni á ári. Gerðist það í kaupþíðinni á vorin, er þeir höfðu lagt inn afla sinn eftir vertíðina, ef hún þá hafði gengið sæmlega, og ull af nokkrum kindum, eða þá á haustin, er sumarkaupið var komið inn á reikning þeirra. Þessum mönnum — og þeir voru margir — var mäske nóg að fá við og við eina eða tvær skeffur af rúgi, sem þeir svo möluðu sjálfir, til að hafa útakast á grautinn sinn, eða þá að þeir fengu „sitt pundið af hverju“, sem kallað var, en það var: 1 pund af kaffi, 1 pund af kandís og hálft pund af rót (exportkaffi). Aldrei vissi eg til, að verzlunarstjórinn léti þessa menn synjandi frá sér fara, enda var honum allra manna kunnugast um hagi þeirra og fann oft sárt til með þeim, ef þeir liðu skort. Þetta margendurtekna orðtak: „Sitt pundið af hverju“ og stundum einnig: „Sín ögnin af hverju“ skildu allir og vissu, hvað við var átt. Fyrir jól og aðrar stórhátíðir fengu menn venjulega einhverja frekari úrlausn, t. d. 1 pund af brauði, skonroki, hagldabrauði og skipsbrauði, 1 eða 2 pund af púðursykri (Farin), $\frac{1}{4}$ pund af munntóbaki eða $\frac{1}{2}$ rjólköggul. Loks var það talin sjálfsögð skylda, að láta menn fá á jólapelann, og aldrei

FRJÁLS VERZLUN



P. A. Lefolii, sem átti Eyrarbyggkaverzlun

minna en á þriggja pela flösku, og má segja, að „lítil séu not lífsins gæða án sælgætis!“ Þetta þótti sælgæti þá, þó ekki væri það meira en þetta né margbrotnara.

Jafnframt sínum eigin vörum voru sveitabændur einatt með vörur fyrir aðra, kunningja sína, börn sín og vinnuhjú. Þegar byrjað var að afgreiða, dró viðskiptamaðurinn blað eða bók upp úr vasa sínum. Þar á var ritað vörumagn hans eða annara, sem hann verzlaði fyrir, verðmæti þeirra eftir því, sem hann hafði getið sér til eða gert áætlun um, áður en hann fór að heiman, og loks þær vörur, sem hann þurfti að fá út. Hið fyrsta, sem farið var fram á, var venjulega og undantekningarlítið þriðjungur í peningum, því að um skuldir var naumast að ræða hjá Skaftfellum eða bændum úr fjarlægum sveitum, þegar búið var að leggja inn. Því næst var beðið um brennivín, 2—4 potta, sumir jafnvel 1—2 kvartél (40—80 potta). Það voru raunar ekki nema stærstu bændurnir og þeir, sem voru mjög hneigðir til vins, sem leyfðu sér slíkt eða þá þeir, sem bjuggu við þjóðbraut og höfðu greiðasölu. Að peningunum og brennivíninu fengnu, báðu menn um kornmatinn, kaffi, sykur, kol og salt, lit og járn, ljái og brýni, o. s. frv., og lítið eitt af „kramvöru“, en því nafni var álnavaran nefnd. Skaftfellingar nefndu álnavöruna einnig einu nafni „Dúka“. Yrði úttektin meiri en verði innlagða varningsins nam, þá var sjálfsagt að draga úr henni, sína ögnina af hverju, öllu nema peningunum og brennivíninu, því að hvorttveggja þetta varð að koma til skila, eins og um var beðið. Að afgreiðslunni lok-

Framh. á bls. 31

viðmál, bls. 31.

I Eyrarbakkaverzlun frh. af bls. 5

inni var það ófrávikjanleg regla, að viðskiptamaðurinn fengi „á ferðapelann“, og var það sjaldan minna en þriggja pela flaska af brennivíni. Væri um stærri viðskiptamenn að ræða, fengu þeir á tveggja eða þriggja potta kút. Eins var það sjálfsagt, að bændur, synir þeirra eða vinnumenn, hefðu ávallt nóg á pytlunni meðan þeir stóðu við. Aðalvínforði verzlunarinnar var geymdur í „kjallaranum“. Úr honum var vínið flutt í ámu eina, sem lá á hliðinni í norðurvegg búðarinnar. Áma þessi, sem tók 11 lagartunnur, entist samt ekki lengur en svo á lestunum, að hana varð að fylla að áliðnum degi, þótt fleytifull væri að morgni. Það fóru nálega 1800 lítrar af þessari nauðsynjavöru (!) sem daglega gengu út um lestirnar.

Auk hinna mörgu föstu viðskiptamanna var og fjöldi annara, sem verzluðu í „lausakaupum“, þ. e. fyrir peninga, ull eða aðrar vörur á létta vog. Enda þótt peningar væru lítið sem ekki notaðir í viðskiptum í þá daga, kom þó einatt drjúgur skildingur inn á þennan hátt.

Til fróðleiks, og eins til að sýna, hve umfangsmikil Eyrarbakkaverzlun var, skulu hér taldir nokkrir liðir úr reikningum verzlunarinnar, eins og þeir voru árin 1875 og 1892. Varð hún þó að miklum mun umfangsmeiri síðar. Árið 1875 komu 10 skip til verzlunarinnar, en 1892 voru þau 14:

	1875:	1892:
Inneignir	kr. 24512,09	kr. 24433,49
Útistandandi skuldir .	— 19382,47	— 75870,58
Kostnaður	— 5145,64	— 6765,80
Laun	— 7257,21	— 15011,83
Verzlunarágóði	— 7439,99	— 3301,82
Vörubirgðir	— 119155,12	— 221506,75
Verzlunarmagn	— 427449,29	— 611870,16
Eyðslufé	— —	— 2875,80
Rýrnun og lök vigt ..	— 817,04	— 1138,17

Reikningar þessir voru gerðir í lok ágúst mánaðar hvert ár, þegar öllum vor- og sumarlestum var lokið. Þess ber að gæta, að þá var hver króna margfalt verðmeiri en hún er nú.

FRJÁLS VERZLUN